

## Meginniðurstöður

**Heildaránægja með leikskóla** stendur í stað frá viðhorfsskönnun foreldra 2009 eða í 4,6. Þeim sem eru *mjög ánægðir* með leikskóla barnsins fjölgaði þó úr 67,9% í 72,1%.

Ánægja **með dagleg samskipti við starfsfólk** hækkar á milli ára en um 95% eru ánægð miðað við 93% árið 2009. Þessi munur er þó ekki marktækur. Sama á við um **viðmót deildarstjóra í samskiptum við foreldra og börn**; yfir 93% foreldra eru ánægðir með viðmótið nú og árið 2009. Ánægja foreldra **með samskipti við leikskólastjóra** og með **stjórnun leikskólans** hefur aukist og er marktækt meiri en árið 2009. Um 89% eru ánægðir með samskiptin og 92% telja leikskóla barnsins vel stjórnað en sambærilegar tölur voru 84% og 91% árið 2009. Foreldrar telja að börnum þeirra líði mjög vel í leikskólanum og að þau séu ánægð með veru sína þar. Þessar tölur eru hæstu ánægjumælingarnar sem koma fram í könnuninni eða í kringum 97%. Þessar mælingar eru mjög stöðugar og eru nær óbreyttar frá fyrri könnunum. Ánægja **með upplýsingagjöf leikskólans** er um 89% og 78% foreldra eru ánægðir með heimasíðu leikskólans. Virkni heimasíðu leikskólans tekur stökk úr 3,8 árið 2009 í 4,2 nú.

### Mestu breytingar á spurningum frá könnun 2007

Viðhorfsskönnun foreldra sem nú liggur fyrir er sú þriðja (þær fyrri voru gerðar 2007 og 2009) sem gerð er þannig að ákveðinn kjarni spurninga er endurtekinn og því áhugavert að skoða breytingar milli þessara mælinga. Á heildina litið eru breytingar fremur litlar, enda var ánægja foreldra með leikskólastarfið mjög mikil árið 2007. Í eftirfarandi spurningum er tölfraðilega marktækt breyting.

Hærra hlutfall/meðaltal árið 2011 miðað við niðurstöður árið 2007:

- Fleiri foreldrar þekkja starfsáætlun leikskólans; 89% en var 81%

- Fleiri telja sig hafa tækifæri til að hafa áhrif á innra starf leikskólans; 48% en var 37%
- Fleiri hafa tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið; 26% en var 7%
- Fleiri telja viðfangsefni leikskólans áhugaverð; meðaltal 4,4 en var 4,2
- Fleiri eru ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki; meðaltal 3,5 en var 3,3
- Fleiri eru ánægðir með samskipti við leikskólastjóra; meðaltal 4,5 en var 4,3
- Fleiri telja leikskólanum vel stjórnað; meðaltal 4,6 en var 4,4
- Fleiri telja sig fá nægar upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum; eða 86% en var 75%
- Fleiri eru ánægðir með aðstöðu á lóð leikskólans; meðaltal 4,2 en var 4,0
- Fleiri eru ánægðir með húsnæði leikskólans; meðaltal 4,1 en var 3,9
- Fleiri eru ánægðir með leikskólann þegar á heildina er litið; meðaltal 4,6 en var 4,5

Lægra hlutfall/meðaltal:

- Færri eru ánægðir með fæði barnsins í leikskólanum; meðaltal 4,2 en var 4,4.

### Munur eftir bakgrunni svarenda

Eins og í fyrri könnun voru niðurstöður skoðaðar eftir tveimur bakgrunnsbreytum, aldri barns og hvort svarandinn væri móðir eða faðir barns. Þar sem um mikinn fjölda þátttakenda var að ræða þurfa svör hópa ekki að vera mjög ólík til að þess að tölfraðilega marktækur munur reynist á svörunum. Þau dæmi sem hér eru nefnd eru því ekki tæmandi upptalning á marktækum mun á hópum heldur þau tilvik þar sem munurinn var nokkuð afgerandi.

**Munur eftir aldri barns:** Fleiri foreldrar eldri barna þekktu starfsáætlun leikskólans en munur á ánægju með skólanámskrá og hvort markvisst væri unnið eftir henni er ekki lengur til staðar. Foreldrar eldri barna höfðu oftari komið að

mati á starfsemi leikskólans og gert einstaklingsnámskrá. Foreldrar yngstu barna voru síður ánægðir með foreldraviðtal og höfðu sjaldnar komið á foreldrafundi þar sem vetrarstarfsemi leikskólans var kynnt. Foreldrar eldri barna sögðu oftast að barnið ætti góða vini í leikskólanum og fannst markvissara unnið með félagsfærni. Ánægja með lóð og húsnaði leikskólans var oftast meiri hjá foreldrum yngri barna.

Mun fleiri mæður en feður svöruðu könnuninni en þó hefur hlutfall feðra farið úr 13% svarenda 2007 í 38% nú. Þar sem hópar mæðra og feðra eru misstórir þarf munur á svörum þeirra að vera nokkuð afgerandi til að teljast marktækur en hann var þó til staðar í nokkrum tilvikum.

**Munur eftir svarendum:** Almennt má segja að mæður hafi verið jákvæðari en feður í flestum þeim atriðum sem spurt var um í könnuninni. Þó voru nokkrar spurningar þar sem munurinn var lítill sem enginn en það voru t.d. spurningar um áhrif á innra starf, líðan barns, samtal og samskipti við starfsfólk og stjórnendur þar sem bæði mæður og feður voru jafn ánægð.

### ***Munur á sjálfstætt starfandi leikskólum og leikskólum Reykjavíkurborgar***

Í annað sinn tóku sjálfstætt starfandi leikskólar þátt í viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Allir 19 tóku þátt og var svarhlutfall nokkuð hærra en í leikskólum Reykjavíkurborgar eða um 70%. Þegar á heildina er litið voru svör foreldra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum (s.s.l.) mjög svipuð svörum foreldra í leikskólum Reykjavíkurborgar og hefur munur á viðhorfum þessara foreldrahópa minnkað mikið síðustu ár. Í nokkrum tilvikum var þó marktækur munur:

Fleiri foreldrar í s.s.l. þekktu starfsáætlun leikskólans en færri töldu markvisst unnið eftir henni. Færri foreldrar s.s.l. höfðu tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið. Foreldrar í s.s.l. voru óánægðari með stjórnun leikskólans, síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í, virkni heimasíðunnar og

upplýsingagjöf almennt. Einnig voru þessir foreldrar óánægðari með lóð leikskólans en meiri ánægja var með fæði barnsins en í leikskólum Reykjavíkurborgar.